



Umsagnagátt Alþingis

Borg, 3. maí 2024

**Efni: Mál nr. 899 og 900 á 154. löggjafarþingi.**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps tekur undir umsagnir Samtaka orkusveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga um mál nr. 899 og 900 á 154. löggjafarþingi.

Sveitarstjórn tekur sérstaklega undir eftirfarandi punkta:

- *Áður en uppbygging vindorkuvera hefst hér á landi þarf Alþingi að tryggja sanngjarna hlutdeild nærsamfélaga í arði af orkunýtingu.*
- *Ákjósanlegt hefði verið að stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorkuvera fylgdi aðgerðaáætlun þar sem fram kæmi hvernig hrinda ætti ætluninni í framkvæmd.*
- *Mikilvægt er að unnar verði skýrar leiðbeiningar um málsmeðferð við uppbyggingu vindorkuvera.*

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar

*Ása Valdís Árnadóttir*

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti